

Páskabréf til Björns Bj.

EVROPUMÁL



Össur
Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Björn Bjarnason skrifar í Fréttablaðinu í gær að Ísland geti víst haft áhrif á mótun löggjafar í EES-samstarfinu. Þar séu van-
nýtt tækifæri og EES-sam-
starfið lifi góðu lífi. Því
miður hefur örlað á að for-
ysta hans eigin flokks tali
stundum eins og hún sé
jafnvel reiðubúin að setja
á uppnám veigamikla hluta
af EES-samningnum. Það

gleður mig því að Björn er ekki
kominn á slóðir sömu öfga hvað
Evrópu varðar. Hann man enn þá
kosti Evrópusamvinnunnar. Það er
hins vegar ekki nóg að muna. Menn
verða líka að hugsa rökrétt.

Í nýlegri norski skýrslu um
stöðu EES-samstarfsins tala
frændur okkar Norðmenn jákvætt
um Evrópusamvinnuna. EES-
samningurinn sé traustur þver-
biti undir efnahagslífið. Þeir
hamra hins vegar á hinum stóra
galla sem felst í fullveldisafsalinu

sem honum fylgir. Sama
sagði Carl Bildt. Staðan
er því miður ekki betri hjá
okkur. Á síðasta ári tókum
við upp 486 lagagerðir inn
í EES-samninginn – án
þess að Ísland hefði tel-
jandi áhrif á mótun þeirra.

Er hægt að auka áhrif-
in í EES-samstarfinu með
virkari þátttöku eins og
Björn hvetur til? Norð-
mönnum hefur ekki tekist

það með miklu meiri fjármunum
og mannafla en við. Það breytir
ekki heldur þeirri staðreynd að í
EES sitjum við ekki við borðið þar
sem ákvarðanir eru teknar held-
ur hírumst á ganginum, þaðan
sem meira að segja Norðmönnum
gengur illa að pukra skilaboðum
inn í sal. Hjá Birni kemur hins
vegar fram mikilvægt sjónarmið
sem margir af skoðanabræðrum
hans þverskallast við að viður-
kenna: Ísland getur haft áhrif í
alþjóðasamstarfi. Geti Ísland haft

→ Er hægt að auka áhrifin í
EES-samstarfinu með virkari
þátttöku eins og Björn
hvetur til? Norðmönnum
hefur ekki tekist það með
miklu meiri fjármunum og
mannafla en við.

áhrif í EES-samstarfinu utan af
gangi eins og Björn fullyrðir, þá
hljóta þau að verða meiri ættum
við sæti við borðið. Niðurstaðan
er einföld: Aðild að ESB mun
treysta fullveldi Íslands.

Að lokum. Björn notar grein
sína til að saka flokksbróður sinn
Carl Bildt bæði um rógburð og
klæki – og það rétt fyrir sjálfa
páskana. Það skyldi þó ekki vera
að þetta þínlega persónunið gagn-
vart öllum sem ekki eru á „hinni
einu sönnu skoðun“ sé að fæla fólk
frá Sjálfstæðisflokknum þessa
dagana?